

44. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 6.5. 2025, kl.9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson var mættur. Mættur undir lið 1. Bogi Kárasen ráðgjafi hjá Verkráði ehf. kl.10

Dagskrá:

1. Veitingarekstur í þjónustuhúsi við Hengifoss
2. Umhverfisstyrkir 2025
3. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
4. Búsetuminjaverkefni
5. Jarðhitaleit
6. Laugargarður ehf.
7. Heimreiðar
8. Aðalfundur Austurbrúar og SSA
9. Fagráð Minjasafns Austurlands
10. Styrktarsjóður EBÍ
11. Ágangsfé
12. Fundargerðir:
 - a. Heilbrigðisnefndar 10.4.2025
 - b. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 19.2.2025, 12.3.2025 og 9.4.2025
 - c. Stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga 14.3.2025, 19.3.2025, 20.3.2025, 4.4.2025 og 11.4.2025
 - d. Austurbrúar nr. 160, 25.4.2025 og SSA stjórnarfundur 25.4.2025
13. Skýrsla sveitarstjóra
14. Önnur mál:

1. Veitingarekstur í þjónustuhúsi við Hengifoss

Bogi fór yfir samningsskilmála og tilboð.

Sveitastjórn samþykkir að ganga að tilboði Veðikofans um leigu á húsnæði Hengifoss til reksturs á veitingasölu.

Sveitastjóra falið að boða til samningafundar og ganga frá samningi á þeim forsendum sem fyrirskrifaðar eru í útboðs og samningsskilmálum *Hengifoss – Rekstur veitingasölu*.

Bogi vék af fundi kl. 10:53.

2. Umhverfisstyrkir 2025

Alls bárust inn 19 umsóknir um umhverfisstyrk sem liggja fyrir á fundinum ásamt gögnum sem með fylgdu. Allar umsóknir voru metnar styrkhæfar samkvæmt reglum um Umhverfisstyrk Fljótsdalshrepps. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 15.000.000 kr. í umhverfisstyrki. Heildarfjárhæð umsókna var töluvert yfir þeirri fjárhæð. Sveitarstjórn samþykkti að veita 19 umhverfisstyrki vegna ársins 2025, hver að hámarki fjárhæð 800.000 kr. svo sem nánar greinir í yfirliti sem liggur fyrir á fundinum.

3. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Sveitarstjórn fagnar afgreiðslu frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og atvinnumálaráðherra.

Veittir voru eftirfarandi styrkir:

Bessastaðarárgil og Melarétt - hönnun og frumframkvæmdir.

Kr. 3.454.080,- styrkur í að hanna nýjan áfangastað við Bessastaðarárgil og Melarétt og ráðast í brýnustu framkvæmdir, eins og stikun og uppsetningu skilta til að bæta öryggi ferðamanna og koma í veg fyrir gróðureyðingu.

Hengifoss - betri stígar og verndun náttúru.

Kr. 8.100.000,- styrkur er í áframhaldandi viðhald og endurbætur á stígum upp að Hengifossi, sem og fjölgun merkinga. Undanfarin ár hefur verið unnið að umfangsmiklu stígakerfi, stikun og byggingu brúa á gönguleiðinni upp að Hengifossi, sem er ætlað að stýra umferð, vernda viðkvæma náttúru og draga úr slyshættu.

Hengifoss - áningarstaðir og aukið öryggi.

Kr. 12.421.640,- styrkurinn felst í hönnun og framkvæmd við átta áningarstaði við Hengifossgönguleiðina. Stækkun núverandi áningarstaða og uppbygging fleiri er vel til þess fallið að stýra umferð og draga úr slyshættu.

4. Búsetuminjaverkefni

Sveitarstjórn samþykkir að veita kr. 1.500.000 styrk í lokahnykk verkefnisins sem staðið hefur yfir sl. 3 ár undir handleiðslu Skúla Björns Gunnarssonar forstöðumanns Gunnarsstofnunar. Gera þarf viðauka í fjárhagsáætlun 2025 vegna þessa.

5. Jarðhitaleit

Sótt var um styrk til rannsóknar á lághitasvæði milli Valþjófsstaða og Droplaugastaða í Fljótsdal til Umhverfis og Orkustofnunar.

6. Laugargarður ehf

Eyðublöð rsk 17.42 Tilkynning um breytingu á stjórn og rsk 17.43 Tilkynning um breytingu á framkvæmdastjórn og prókúru voru fyllt út og undirrituð.

Kjartan og Jóhann véku af fundi kl:10:55 vegna vanhæfis.

7. Heimreiðar

Sveitarstjórn samþykkir að veita heimreiðarframlag til ábúenda á Arnheiðarstöðum vegna Höllustaða og Brekkugerðis vegna Brekkubæjar. Kjartan og Jóhann komu aftur til fundar kl: 11:10

8. Aðalfundur Austurbrúar og SSA

Verður haldinn á Eiðum föstudaginn 9. Maí. Fulltrúar Fljótsdalshrepps verða : Helgi Gíslason sveitarstjóri, Jóhann F. Þórhallson oddviti, Kjartan Benediktsson og Halla Auðunardóttir.

9. Fagráð Minjasafns Austurlands

Sveitarstjórn skipar Skúla Björn Gunnarsson aðalmann og Þórdís Sveinsdóttir til vara í Fagráð Minjasafns Austurlands fyrir hönd sveitarfélagsins.

10. Styrktarsjóður EBÍ

Sótt er um styrk vegna Búsetuminjaverkefnisins sem unnið er á vegum Gunnarsstofnunar.

11. Ágangsfé

Sveitarstjórn leggur til að íbúar fái drög að verklagsreglum um ágangsfé til umsagnar. Frestur til að skila inn athugasemdum verður til 15. Júní 2025 á skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is

12. Fundargerðir:

a. Heilbrigðisnefndar 10.4.2025

Kynnt

b. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 19.2.2025, 12.3.2025 og 9.4.2025

Kynnt

c. Stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga 14.3.2025, 19.3.2025, 20.3.2025, 4.4.2025 og 11.4.2025

Kynnt

d. Austurbrúar nr. 160 dags. 25.4.2025 og SSA stjórnarfundur 25.4.2025

Kynnt

13. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri falið að undirbúa hönnunarvinnu á Bessastaðaárgili, svæðið meðfram Hengifossánni við þjónustuhúsið og grendarvæðið fyrir neðan Végarð. Verið er að vinna að innréttingum innanhúss í þjónustuhúsinu við Hengifoss. Austurbygg heldur utan um verkið.

Verið er að útbúa gögn fyrir verðkönnun vegna gatnakerfis í Hamborg.

Undirbúningsvinna er hafin vegna byggingarlóða í Hamborg.

14. Önnur mál:

Halla upplýsti sveitarstjórn um að svæðisáætlun um úrgangsmál sem Austurbrú heldur utanum mun berast á næstu dögum og fer til samþykktar hjá Umhverfis og loftslagsnefnd.

Fundi slitið kl: 12:40

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Kjartan Benediktsson

Jóhann F. Þórhallsson oddviti